

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 9. desember 2014. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar, Svandís Ingimundardóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir. Finnur Friðriksson og Sigrún Vésteinsdóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri. Björk Óttarsdóttir komst ekki á fundinn vegna ferðar erlendis.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 13:00. Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1) Tímalína umsóknaferlis 2015-2016

Umsýsluaðili lagði fyrir stjórn tímalínu komandi umsóknatímabils, 2015-2016. Samkvæmt tímalínu er gert ráð fyrir að ferlið verði svipað og á síðasta umsóknartímabili, þ.e. stefnt er að því að sjóðurinn muni auglýsa eftir umsóknum um eða eftir miðjan janúar og verður hægt að senda inn umsóknir til loka febrúar. Stjórnin mun svo taka við og fara yfir umsóknir í marsmánuði. Gert er ráð fyrir að hægt verði að tilkynna um úthlutun úr sjóðnum um miðjan aprílmánuð. Í lok apríl og í byrjun maí verður svo gengið frá samningum við styrkþega. Þetta ferli var skoðað og rætt stuttlega og samþykkt.

2) Umsóknareyðublað

Tekin var upp stutt umræða um umsóknareyðublað sjóðsins hvort að því þyrfti að breyta á einhvern hátt. Á síðasta umsóknartímabili voru gerðar þær breytingar á kostnaðaráætlun í umsóknarforminum að heiti kostnaðarliða voru teknir út og taflan gerð opin þannig að hver og einn umsækjandi gæti sett inn þá kostnaðarliði sem á við hverju sinni. Þetta olli einhverjum misskilningi hjá umsækjendum og lagði stjórn til að umsýsluaðili myndi skoða þetta aðeins nánar. Lagt var til að skerpa enn frekar á leiðbeiningum sem eru við kostnaðaráætlun í umsóknarforminu.

3) Áherslusvið

Megin umræða fundarins var um áhersluvið sjóðsins fyrir komandi úthlutunartímabil. Stjórnarmenn höfðu fyrir fundinn velt fyrir sér ýmsum hugmyndum út frá Hvítbók og aðalnámskrá. Einnig voru stjórnarmenn með til hliðsjónar áherslusvið fleiri sjóða síðustu ára. Björk Óttarsdóttir hafði sent inn til stjórnar ákveðnar hugmyndir sem hún vildi koma á framfæri. Að læsi og lestur í einhverri myndi myndi verða meðal áherslna jafnvel lestrarvandi eða grunur um lestrarvanda. Önnur hugmynd var að leggja áherslu á virkni nemenda og áhuga þeirra á eigin námi. Hugmyndafræðin á bak við það er að brottfall úr framhaldsskóla sé birtingarmynd vandamáls sem byrjar mun fyrr og öll skólastig þurfi að vinna gegn. Mikil umræða var um þá hugmynd að leggja áherslu á virkni og áhuga nemenda.

Aðalheiður, fulltrúi KÍ taldi mikilvægt að horfa til laga um aðalnámskrá þegar verið væri að huga að áherslusviðum. Vísaði hún til niðurstaðna úr ytra mati skólanna þar sem kemur í ljós að talsvert vantar upp á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi. Einnig var mikil umræða hjá stjórn um áherslu á að efla þyrfti starfs- og námsráðgjöf í víðum skilningi en mikilvægt væri að aðlaga það að öllum skólastigum.

Svandís, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga vísaði í stefnumörkun Sambandsins, liður 3.3.11 þar sem talað er um að vinna skuli að því að miða skólastarf í auknu mæli við styrkleika, áhugasvið og færni barna, s.s. með því að auka valfrelsi, ábyrgð og sjálfræði þeirra. Einnig benti hún á lið 3.3.12., þar sem m.a er talað um að sambandið skuli vinna að því efla lestrarfærni og lesskilning barna.

Þessar hugmyndir að áherslusviðum voru ræddar í þaua en einnig kom Finnur fram með þá hugmynd að mikilvægt væri að huga að fjölmenningu í skólastarfi og var það rætt svolítið og var stjórnin hrifinn af þeirri hugmynd. Sprotasjóður hefur ekki áður sett fjölmenningu sem áherslusvið. Út frá þessari umræðu ákvað stjórn að leggja til við ráðherra, þrjú eftirfarandi áherslusvið:

- Ábyrgð á eigin námi: Styrkleikar og áhugasvið
- Hagnýtt læsi á öllum námssviðum
- Fjölmenningarlegt skólastarf

Sigurjón, formaður stjórnar mun bera þessar tillögur undir ráðherra.

4) Önnur mál.

Rætt var stuttlega um skil á lokaskýrslum frá styrkþegum en umsýsluaðili er í góðum samskiptum við styrkþega og minnir þá á skýrsluskil ef þau dragast fram fyrir áætlaðan skiladag samkvæmt samningi.

Ákveðið var að halda næsta fund stjórnar Sprotasjóðs 6. janúar 2015 kl. 13:15 og á sá fundur að vera með sama sniði, þ.e fjarfundur. Á þeim fundi verður tekin lokaumræða um áherslusvið og lögð fram drög að auglýsing frá sjóðnum vegna umsókna.

Fundi slitið kl 14:30.